

- 24 Verðlaun og verðlaunaskjöl skal afhenda um leið og nemendum eru afhent próf-
8. apríl skirteini, að afloknu hirtfararprófi frá hændaskólunum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda sérstaka gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrána, umsóknir um verðlaun úr sjóðnum, verðlaunaveitingar og ástæður fyrir þeim, fundarsamþykktir og allt annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Sjóðsstjórninni ber ennfremur að færa sérstaka bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færa í hana ársreikning sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda reikningsfærslu sjóðsins algerlega aðskildri frá reikningum Búnaðarfélags Íslands eða annara sjóða félagsins, og skulu ársreikningar sjóðsins birtir í Búnaðarritinu eða því riti Búnaðarfélagsins, er kann að koma í þess stað.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal hafa gjört ársreikning sjóðsins fyrir lok marzmánaðar ár hvert. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir á sama hátt og af sömu mönnum og ársreikningar Búnaðarfélags Íslands, og fylgja þeim til endurskoðunar.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið.

8. gr.

Skipulagsskrá þessi óskast birt í B-deild Stjórnartíðinda Íslands.

9. gr.

Leita ber konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 4. marz 1938.

F. h. stjórnar Búnaðarfélags Íslands,

Steingr. Steinpórsson.

25

12. apríl

S A M Þ Y K K T

fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Þistilfjarðar.

1. gr.

Félagið heitir Fiskræktar- og veiðifélag Þistilfjarðar. Heimili þess og varnarþing er að Flögu í Þistilfirði.

2. gr.

Markmið félagsins er að auka lax- og silungsveiði og arð af henni með því:

- Að stunda lax- og silungsklak.
- Að stunda lax- og silungsveiði sameiginlega á einum stað eða fleiri í hverju fiskihverfi á félagssvæðinu.

3. gr.

Félagið annast allt klak fyrir þessar ár:

Hafralónsá, en í henni eiga veiðirétt: Syðri-Brekkur, Hallgilsstaðir, Tungusel, Þorsteinsstaðir, Syðra-Lón, Hvammur og Gunnarsstaðir.

Laxá, en í henni eiga veiðirétt: Gunnarsstaðir, Holt og Laxárdalur.

Hölná, en í henni eiga veiðirétt: Laxárdalur, Syðra-Áland og Ytra-Áland. 25

Sandá, en í henni eiga veiðirétt: Ytra-Áland, Syðra-Áland, Leirlækur, Flaga og Fjallalækjarsel. 12. apríl

Svalbarðsá, en í henni eiga veiðirétt: Svalbarð, Svalbarðssel, Kúðá, Flautafell, Garður, Hermundarfell, Brekknakot og Sævarland

Hefir félagið rétt til að veiða í þeim stofnfisk þann, sem nauðsynlegur er og eftir því sem bezt hentar. Hver veiðideild leggur þó til stofnfisk fyrir sína á eftir því sem deildin telur sér hag að. Hinsvegar hefir hver veiðideild, eftir að veiði byrjar í ánum, að öðru leyti óskertan rétt til veiði í sinni á.

4. gr.

Vötn þau, sem nefnd eru í 3. gr., skulu alfriðuð fyrir netjaveiði í næstu fimm ár, en eftir þann tíma ráðstafar stjórn viðkomandi veiðideildar veiðinni í sinni á. Með samþykki aðalfundar má þó veita veiðileyfi takmarkaðan tíma þeim, er bætur þurfa fyrir tapaða veiði.

5. gr.

Heimilt er félagsstjórn með samþykki viðkomandi veiðideildar að leigja ár á félagssvæðinu, eða hluta af þeim, einstökum mönnum eða félögum, til stanga-veiði, ef sýnilegt þykir, að það sé hagur fyrir félagið. Þó má það leyfi eigi vera til lengri tíma en eins árs, nema lögmætur fundur samþykki og tekið hafi verið fram í fundarboði, að slíkt veiðileyfi yrði til umræðu.

6. gr.

Félagið skiptist í 5 veiðideildir eftir fiskihverfum og ræður hver deild veiðimann í sínu fiskihverfi. Hver deild nýtur að fullu ágóða af veiði í sínu fiskihverfi, þó eftir ákvæðum aðalfundar, sbr. 15. gr.

7. gr.

Félagið starfrækir lax- og silungsklak á þeim stað, er félagsstjórn velur í samráði við fiskiræktarráðunaut. Kostnaði við klakið skal skipta á deildir félagsins í hlutfalli við rétt þeirra til seiðanna og á félagsmenn eftir því sem arðskrá ákveður. Þóknun fyrir stofnfisk ákveður aðalfundur í hvert sinn með hliðsjón verðs á sölu-laxi. Deildir félagsins eiga hlut í seiðum frá klakstöðinni þannig: Hafralónsá 25%, Laxá 10%, Hölná 20%, Sandá 20% og Svalbarðsá 25%. Klekja skal út minnst 100 seiðum fyrir hvern lax, sem veiðist á félagssvæðinu.

8. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn: formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig: Formaður gengur úr eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir hlutkesti eftir 2 ár. Síðan hefst sama röð. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu, nema lögmæt forföll hamli eða hann hafi verið 3 ár í stjórn.

9. gr.

Stjórnin hefir á hendi umsjón með öllum framkvæmdum félagsins milli aðalfunda. Hún ræður klakstjóra og gerir við hann samning um kaup og önnur kjör, enda samþykki lögmætur félagsfundur þann samning. Hún hefir eftirlit með því, að samþykktum félagsins sé hlýtt og má ráða menn sér til aðstoðar, þó án kostnaðar fyrir félagið. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefir umsjón með störfum félagsins og fjárreiðum þess öllum. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundum.

25

12. apríl

10. gr.

Aðalfund skal halda í febrúar ár hvert. Skal hann boðaður með 15 daga fyrirvara og fundarefnis getið í fundarboði. Fundurinn er lögmætur ef meiri hluti stjórnar og $\frac{2}{3}$ fulltrúa eru mættir. Allir félagsmenn hafa málfrelsi og tillögurétt á aðalfundi, en fulltrúar einir atkvæðisrétt. Fulltrúar skulu kosnir frá veiðideildum félagsins, einn fyrir hver 16% laxseiða frá klakstöðinni, þó þannig, að hálfur tugur reiknast sem heill.

Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári, leggur fram áætlun og tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þar leggur hún fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

Aðalfundur kýs stjórn og tvo endurskoðendur félagsreikninga. Hann ákveður laun stjórnar og annara starfsmanna félagsins. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum, nema um breytingar á samþykktum sé að ræða eða félagslit.

11. gr.

Aukafundi heldur stjórnin, þegar henni þykir ástæða til, eða helmingur fulltrúa æskir þess og tilgreinir fundarefni.

12. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skulu reikningar fullgerðir fyrir aðalfund og lagðir þar endurskoðaðir til úrskurðar.

13. gr.

Arði af sameiginlegri veiði, svo og öllum kostnaði, sem af henni leiðir, skal skipt niður á félagsmenn hverrar deildar eftir því sem arðskrá ákveður. Arðskrá skal samin fyrir hverja deild og undirskrifuð af minnst $\frac{2}{3}$ hlutaðeigandi deildarmanna og öðlast hún gildi, er hún hefir verið samþykkt á aðalfundi félagsins og staðfest af atvinnumálaráðherra.

14. gr.

Aðalfundur ákveður um úthlutun arðs samkvæmt arðskrá. Þó má reikningshaldari í samráði við stjórn félagsins greiða til deilda allt að 80% af andvirði seldrar veiði um leið og sala fer fram, en afgangi þeim, sem eftir verður, þegar greiddur er allur kostnaður, þar með laun stjórnar, ráðstafar aðalfundur til upp-bótar á andvirði seldrar veiði og til að leggja í sjóði félagsins.

15. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum, allt að kr. 500.00, og veiði eða andvirði hennar gerð upptæk.

16. gr.

Samþykkt þessari verður ekki breytt nema $\frac{2}{3}$ mætttra fulltrúa á aðalfundi samþykki breytinguna.

17. gr.

Félaginu má slíta ef $\frac{2}{3}$ fulltrúa samþykkja það, og skiptast eignir þess og skuldir samkvæmt gjald- og arðskrá félagsins.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, sbr. lög nr. 79 23. júní 1936, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. apríl 1938.

Hermann Jónasson.

Vígfús Einarsson.